

Skólaráð Naustaskóla

3. fundur ársins. fundur ársins 2022 þann 24. febrúar kl. 8:10

Mættir:

Skólastjórnendur: Bryndís Björnsdóttir, Aðalheiður Skúladóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Anna Rósa , Rósa María.

Fulltrúar starfsmanna: Inga Vala, Vala Björt Harðardóttir, Sívía Kristjánsdóttir.

Fulltrúar nemenda:

Dagskrá og afgreiðslur:

Skóladagatal. Skóladagatali fyrir skólaárið 2022 - 2023 var kynnt fyrir fundarmönnum. Borið var sérstaklega undir foreldra hvort best væri að staðsetja starfsdaga í kringum helgar og frídaga. Foreldrum finnst betra að starfsdagar renni saman við helgar eða frídaga. Kennarar benda hinsvegar á að þá falli oftar niður sömu dagar yfir skólaárið. Ákveðið var að hafa einn starfsdag stakan en hina í tengslum við helgar eða frídaga. Umræða skapaðist um tímasetningu árshátíðardaga, hvort betra væri að þeir væru að hausti en ekki á vorönn. Mörgum þykir of mikið umleikis á vorönninni og of mikið álag að hafa árshátíð svo seint á skólaárinu. Ákveðið var að fresta umræðu til næsta hausts, bæði á skólaráðsfundi og kennarafundi og taka ákvörðun fyrir næsta skóladagatal.

Að umræðu lokinni var skóladagatal borið fram til atkvæða og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Valgreinar. Bryndís kynnti fyrirkomulag valgreina og hvernig þær eru útfærðar. Hún ræddi einnig vaxandi vandamál varðandi mætingar nemenda í valgreinar. En mjög algengt er að foreldrar/forráðamenn biðji um leyfi fyrir nemendur í valgreinum og smiðjum. Svo virðist vera að minni virðing sé borin fyrir þessum námsgreinum og sjálfsagt að láta íþróttæfingar og skíðaiðkun sitja fyrir.

Önnur mál. Foreldrafélagið hefur áhyggjur af því hversu oft falla niður sérgreinar og sjaldan fengin afleysingarkennari. Þau svör fengust við því að erfitt væri að fá kennara sem treysti sér til að kenna svo sérhæfðar námsgreinar. Einnig hefur Covid leikið okkur grátt og mikið er um forföll í skólanum. Foreldrafélagið ætlar að kaupa bolta til útileikja fyrir nemendur og bjóða upp á pizzu fyrir nemendur og starfsfólk á Kósýdaginn eftir árshátíðina.

Fleira ekki tekið fyrir, Aðalheiður Skúladóttir ritaði fundargerð